

Föstudaginn 20. apríl 1990.

Nr. 165/1990. **Ákærvaldið**

gegn

**Davíð Garðarssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald. 1. tl. 1. mgr. 67. gr. l. nr. 74/1974.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hjörtur Torfason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 15. þ.m., sem barst Hæstarétti 18. þ.m.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu rikissaksóknara er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

**D ó m s o r ð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 15. apríl 1990.**

Ár 1990, sunnudaginn 15. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jónasi Jóhannssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Davíð Garðarssyni, kt. 160869-5399, til lögheimilis að Stigahlíð 18, Reykjavík, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtudagsins 26. apríl nk. kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 244. gr. og 155. og/eða 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Kl. 14.40 í gærðag handtók RLR kærða í flugstöð Leifs Eiríkssonar, er hann kom úr 9 daga keppnisferð frá Amsterdam. Tilefni handtökunnar var rannsókn RLR á innbroti í Stúdíó Jóninu og Ágústu, Skeifunni 7, Reykjavík, aðfaranótt 3. apríl sl., en þar var stolið peningum, tékkum og greiðslukortanótum, að fjárhæð rúmlega 80.000 krónur, auk myndbandstækis og fleira. Meðal þeirra tékka, sem hurfu í innbrotinu, er tékki nr. 011326 á reikning nr. 9558 frá útibúi Landsbanka Íslands í Mjódd, að fjárhæð kr. 17.680. Kærði hefur viðurkennt að hafa reynt að framselja tékka þennan

síðar sama dag í ofangreindu útibúi og kveðst hafa fundið tékkann á göngu-  
stíg í Mjóddinni. Kærði kveður Ólaf Má Jóhannesson geta staðfest þennan  
framburð, en við skýrslutöku nú í morgun kvaðst Ólafur ekki geta borið  
um það, hvort kærði hafi fundið tékkann, svo sem hann hefur greint frá,  
en staðfesti, að hann hafi verið með kærða í Mjóddinni umræddan dag.

Kærði hefur einnig borið, að kærasta hans, Magnea Kristín Ómarsdóttir,  
og fjölskylda hennar geti staðfest, að hann hafi verið heima hjá þeim að  
Ferjubakka 2 aðfaranótt 3. apríl sl. og hafi því ekki getað framið innbrotið.

Í gæsluvarðhaldskröfu RLR er auk framangreinds máls vísað í fjögur  
önnur mál kröfunni til stuðnings, en kærði hefur margneitað aðild sinni  
að þeim málum, sem varða þjófnað úr bifreiðum og skjalafals, en áður  
hefur verið krafist gæsluvarðhalds á hendur kærða fyrir aðild að þessum  
brotum, en kröfunni synjað hinn 21. febrúar sl. með vísan til þess, að skil-  
yrði 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 væru ekki fyrir hendi. Af gögnum  
málsins verður ekki séð, að mál þessi hafi sætt frekari rannsókn, þannig  
að veitt hafi nýjar vísbendingar um sök kærða, og hefur t.d. ekki verið  
aflað rithandarsýnishorna frá kærða, þrátt fyrir það að grunur leiki á því,  
að hann hafi framselt allmarga tækka, sem liggja frammi í málinu. Verður  
því ekki fallist á það, að kærði verði nú úrskurðaður í gæsluvarðhald í  
þágu rannsóknar umræddra fjögurra mála, enda hefur ekki verið sýnt fram  
á, að hann geti nú torvelað rannsókn þeirra. Hins vegar þykir nauðsynlegt,  
að kærði verði hafður í haldi, meðan frumrannsókn stendur yfir í RLR-  
máli nr. 1358/90, þar sem rökstuddur grunur leikur á aðild kærða að því  
innbroti og á meðal annars eftir að taka skýrslur af því fólki, sem kærði  
kveður geta gefið sér fjarvistarsönnun. Samkvæmt þessu og með vísan til  
1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 er krafa RLR tekin til greina, og  
þykja ekki efni til að marka gæsluvarðhaldinu styttri tíma en krafist er.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Davíð Garðarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til fimmtu-  
dagsins 26. apríl nk. kl. 16.00.